



Eldri systkini og afbrýðisemi

Afbrýðisemi

Afbrýðisemi er eðlileg. Hún er varnarviðbragð sem kemur fram þegar óvissa ríkir um tilfinningar annarra í eigin garð, til dæmis þegar barn þarf að deila ást og athygli foreldra sinna með nýju systkini.

- Getur beinst að nýfædda barninu, foreldrum, vinum.
- Reiði, óróleiki, depurð, einangrun eða árásargirni.
- Meiri þörf fyrir athygli. Afturhvarf getur orðið í þroska.
- Barnið getur sýnt aukinn þroska og sjálfstæði í hegðun.



Ráð til foreldra

Hrósið og hvetjið barn til jákvæðrar hegðunar og minnið það á kosti þess að vera eldra og þroskaðra.

Sýnið barninu ást og umhyggju og segið hversu heppið litla barnið er að eiga svona yndislegan bróður eða systur.

Hvetjið ættingja og vini til að sýna eldra systkininu sérstaka athygli á þessu tímabili.

Sýnið þolinmæði.

Varist að gera upp á milli barna eða bera þau saman á neikvæðan hátt.

Kennið eldri börnum að lesa í hegðun nýburans og skilja viðbrögð hans. Gott er að færa athafnir í orð til að auka skilning þeirra á hegðun nýburans („nú grætur hún, því hún þarf nýja bleiu“).